

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Þroskaþjálfafélags Íslands (PÍ) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) fimmtudaginn 3. júní 2021 í fjarfundi kl. 9.00.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Laufey Gissurardóttir, Þórunn Guðrún Einarsdóttir og Sóley Veturliðadóttir.
Fjarverandi: Karen Erlingsdóttir.

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Bókun 9 í kjarasamningi SNS og PÍ

Vinnuhópur kemur saman vegna bókonar 9 í kjarasamningi aðila. Vinnuhópurinn skipa:

Fyrir hönd PÍ:

Karen Erlingsdóttir vinnur í grunnskóla á Selfossi
Sóley Veturliðadóttir vinnur í grunnskólanum á Ísafirði
Þórunn Guðrún Einarsdóttir vinnur í grunnskóla í Kópavogi
Laufey Gissurardóttir er tengiliður fulltrúa PÍ við samstarfsnefnd.

Fyrir hönd SNS:

Inga Rún Ólafsdóttir
Margrét Sigurðardóttir
Bjarni Ómar Haraldsson

Bókun 9 er svohljóðandi:

Um starfsþróun þroskaþjálfara í grunnskólum Aðilar eru sammála um að skipa vinnuhóp með þremur aðilum frá Þroskaþjálfafélagi Íslands og þremur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að fara yfir stöðu endurmenntunar þroskaþjálfara í grunnskólum. Samningsaðilar eru sammála um að tryggja þurfi þroskaþjálfum gott svigrúm til að sinna símenntun og starfsþróun sem sniðin er að þeirra starfi og skilgreind er í sérákvæði 1, 2. grein. Vinnuhópur skal hefja störf í janúar 2021.

Reykjavíkurborg er með samskonar bókun. Í vinnuhópi sem var skipaður með Reykjavíkurborg var tekin ákvörðun um gera spurningakönnun meðal 68 þroskaþjálfara sem starfa í grunnskólum hjá borginni.

Laufey kynnti niðurstöðu spurningakönnunar. Flestir vilja fá einn dag í sameiginlega starfsþróun og nefnd voru námsefni sem félagsmenn vilja læra.

Niðurstaða:

Fulltrúar PÍ og SNS safna upplýsingum úr launagögnum og leggja saman við upplýsingar frá PÍ til að útbúa netfangalista fyrir þroskaþjálfara í grunnskólum.

Þegar netfangalisti liggur fyrir, verður gerð könnun meðal ofangreindra félagsmanna/starfsmanna í sveitarfélögum sem verður sambærileg könnun sem gerð var meðal félagsmanna í Reykjavíkurborg.

Bætt verði við spurningunni um hvernig er starfsþróun er háttað í dag meðal félagsmanna þí sem starfa hjá sveitarfélögum.

Fundur um söfnun upplýsinga verði haldinn eftir 16. ágúst n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00